

Fundur í fræðslunefnd mánudaginn 29.06.2011

Mættir: Arnfríður Aðalsteinsdóttir, Siggeir Stefánsson, Sólveig Óladóttir, Kristinn Lárusson, Steinunn Guðnadóttir, María Guðmundsdóttir og Ólöf Arnmundsdóttir

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna

1. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans. Arnfríður fór yfir starfsmannamál næsta skólaárs sem líta vel út, auglýst verður eftir kennara á næstu dögum vegna starfa sem út af standa.
2. Skýrsla skólastjóra Leikskólans. Steinunn lagði fram ársskýrslu Leikskólans, og fór yfir starfsmannamál. Formaður fræðsluráðs þakkaði Steinunni vel unnin störf og óskar ráðið henni velfarnaðar í nýju starfi.
3. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Bakkafirði. María fór yfir starfsmannamál næsta skólaárs, einnig var rætt um skólaakstur næsta vetrar. Umræður fóru fram um starf ræstitækis og húsvarðar og hvort ætti að tengja þessi störf.
4. Starfsmannamál Grunnskólans: Umsókn frá Sóleyju Vífilsdóttur. Fræðsluráð mælir með ráðningu hennar. Starfsmannamál næsta vetrar rædd, nánast er búið að manna allar stöður við skólann með réttindakennurum. Búið er að ganga frá ráðningu Margrétar Önnu, Þórhöllu og Marenar Hjaltadætra í störf skólaliða. Skóladagatal Grunnskólans lagt fram og samþykkt.
5. Starfsmannamál Leikskólans: Umsókn frá Sigríði Indriðadóttur. Fræðsluráð mælir með ráðningu hennar. Ákveðið að auglýsa enn og aftur eftir leikskólastjóra. Umræða fór fram um starfsmannamál. Leikskóladagatal lagt fram og samþykkt.
6. Skólanámskrá Leikskólans Barnabóls. Steinunn lagði fram og afhenti formanni fræðsluráðs skólanámskrá sem er sú fyrsta sem unnin er á leikskólanum. Fræðsluráð þakkar Steinunni fyrir.
7. Framtíðarstefna í húsnæði skólanna: Mikil og góð umræða fór fram.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundargerðin borin upp og samþykkt samhljóða